

Rannsóknaskýrslur 2000

Skansmýrinn, Flatey á Breiðafirði Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Magnús A. Sigurðsson



Ljósmynd á forsiðu: Mynd 1: Dæluhús. Horft í N. Sjá má í rústir bæði aftan við og við hliðina

© 2000 Þjóðminjasafn Íslands/Magnús A. Sigurðsson
Öll réttindi áskilin.
ISSN 1560-8050
Prentun/umbrot: ?????????

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	?
Framkvæmd.....	?
Fornleifaskráning.....	?
Heimildir.....	?

Inngangur

Vegna byggingar dæluhúss í Skansmýrinni í Flatey á Breiðafirði, var farið fram á það við minjavörð Vesturlands og Vestfjarða, að hann athugaði um fornleifar á viðkomandi lóð, en eigi er hægt að samþykkja deiliskipulag án undangenginnar skráningar, eða einsog segir í 18. grein Þjóðminjalaga nr. 88/1989:

...Skýlt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi, eða endurskoðun þess og skal Þjóðminjasafn eiga samvinnu við skipulagsyfirvöld um það...

Í 64. grein reglugerðar um Þjóðminjavörslu (334/1998) er nánar kveðið á um fornleifaskráningu:

...Fornleifaskráning skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Við fornleifaskráningu skal þess gætt, að teknar séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki. Allir minjastaðir skulu færðir á kort og gerðar lýsingar og upprættir af þeim minjum sem sýnilegar eru. Fornleifaskráningu telst því aðeins lokið að út hafi komið fjölrítuð, prentuð eða stafræn skýrsla um hana. Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess samkvæmt skipulagslögum....

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, grein 4.20.1 stendur:

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir Þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð, í samræmi við ákvæði Þjóðminjalaga.

Skýlt er að fram fari fornleifaskráning áður en gengið er frá skipulagi, sbr. 3.2. Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið í og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Mjög brýnt er að sinna fornleifaskráningu áður en hafnar eru framkvæmdir því að ómetanlegar minjar geta legið hvar sem er. Allar framkvæmdir eru því viðkvæmt mál því að ekki er vitað hvað leynist á viðkomandi svæðum. Því getur það verið framkvæmdaaðila í hag að láta fram fara fornleifamat áður en hafist er handa, sbr.

20. grein Þjóðminjalaga:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd verks uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verk megi fram halda og með hvaða skilmálum.

En hvað eru fornleifar?


Í 16. grein Þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra
staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á,...
Að jafnaði teljast minjar 100 ára eða eldri til fornleifa, en heimilt
er þó að friðlýsa yngri minjar,...

Ekki er um stórt svæði að ræða í þessu tilviki en hér hefur verið byggð frá landnámi,
og því er brýnt að fara að öllu með gát.

Framkvæmd

Vegna vatnsveituframkvæmda var ákveðið að byggja dæluskúr í Skansmýrinni,




norðan við Bakkhúsbrunn.

Samkvæmt gildandi deiluskipulagi er umrædd svæði skilgreint sem opið svæði/mýri..

Um er að ræða rúmlega 8 fermetra byggingu sem á að hýsa dælubúnað. Húsið er að miklu leyti niðurgrafið.

Mynd 2. Afstöðumynd af Flatey



Mynd 3. Framkvæmdasvæðið.

Fornleifaskráning

Til er bráðabirgðaskráning fornleifa í Flatey eftir Ágúst Georgsson. Þegar unnið var að aðalskipulagi Flateyjar á Breiðafirði 1990-2010, var þess farið á leit við Ágúst Georgsson að hann sinnti fornleifaskráningu. Vegna anna var samþykkt að gerð yrði svokölluð fljótaskráning með það fyrir augum að kanna lauslega hvaða minjar væri að finna í eyjunni. Heildarfjöldi minja reyndist vera um 60-70, ef að líkum lætur. Hann varð var við rústir á núverandi framkvæmdasvæði, sem hann númeraði 29. Um þær segir hann:

Rústir kálgarða og húsa, vallgrónar en mótar þó allskýrt fyrir þeim. Sum teiknað eftir loftmynd en allt svæðið afmarkað með punktalínu. Hér stóðu kálgarðar árið 1906, ennfremur Bakk'hús og annað hús suðaustur af því (sbr. fylgiskjal 3).¹

Um Bakkhúsið stendur í Eylendu

Bakkhús var gamalt lögbýli. Fyrst er getið um Bakkhús 1852, en þá fluttist hingað Jón Bjarnason úr Hergilsey.²

Ekki ber heimildum saman um hvenær húsið var rífið en það hefur líklegast verið á þessari öld. Einsog sést á skipulagsupprættinum hér að framan þá eru rústir gamla Bakkhús bæjarins alveg ofaní dæluhúsinu.



Mynd 3. Útihúsin 2 og bæjarrústin handan við. Horft í VNV.

Norðan og norðaustan megin við dæluhúsið eru 2 rústir til viðbótar, líklegast útihús og mun greinilegri en bæjarrústin. Líklegast má telja að þarna sé um fjárhús og hlöðu að ræða.

Stærsta rústin, er rétt norðvestan við dæluhúsið og frekar ógreinileg. Má telja líklegt að það sé bæjarstæðið. GPS mæling með 15 metra skekkju sýndi N 65° 22.591 og V 22° 54.888.

¹ Ágúst Georgsson. 1990: 10.

² Eylenda I. 1996: 159.



Mynd 4. Rúst Bakkhússins. Horft í NV.

Nyrðri útihúsarústin er lengri og mjórri en sú austari. GPS mæling með 15 metra skekkju sýndi N 65° 22.587 og V 22° 54.874.



Mynd 5. Nyrðri rústin, líklegast fjárhús. Horft í NA.

Austari rústin er styttri og breiðari. GPS mæling með 15 metra skekkju sýndi N 65° 22.583 og V 22° 54.858.



Mynd 6. Austari rústin, líklegast hlaða. Horft í NA.

Til er svæðaskráning yfir Flatey, þar sem kemur í ljós að mikið er um um menningarminjar og heimildir um Flatey svo fara verður mjög varlega í allt jarðrask. En þar sem engin sjáanleg merki eru um að þetta mannvirki hafi hróflað við né skemmt fornleifar, sé ég ekkert sem mælir á móti þessu deiliskipulagi samkvæmt þjóðminjalögum.

Hitt er annað mál að ég tel það ámælisvert að það hafi verið farið úti þessar framkvæmdir án samráðs við minjavörð Vesturlands eða Þjóðminjasafn Íslands. Í Flatey hefur verið byggð frá örófi alda og eyjan hefur mjög ríka menningarsögu, þessvegna er mjög hættulegt að fara úti hverskonar framkvæmdir án samráðs við minjavörsluna í landinu. Vatnsveituframkvæmdum fylgir mikið jarðrask sem hefði ekki átt að fara úti án framkvæmdaefirlits.

Heimildir

Ágúst Georgsson. 1990. *Bráðabirgðarskráning fornleifa í Flatey á Breiðafirði*. Óbirt.

Eylanda I. 1996. Ábúendur í Flateyjahreppi og þjóðlífsþættir. Þorsteinn Jónson (Ritst). Reykjavík.

Eylanda II. 1996. Ábúendur í Flateyjahreppi og þjóðlífsþættir. Þorsteinn Jónson (Ritst). Reykjavík.

Örnefnastofnun. Flateyjarhreppur, Flatey.